

4. fundur í framkvæmdanefnd kirkjupings 2023-2024, 3. janúar 2024

Mætt voru: Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Arna Grétarsdóttir, Einar Már Sigurðarson og Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar.

Fundur hófst kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Húsnæðismál Þjónustumiðstöðvar
 - a. Undir liðnum komu á fund nefndarinnar þau sr. Þorvaldur Víðisson og sr. María G. Ágústsdóttir og fulltrúar sóknarnefndar Grensáskirkju þau Erik Pálsson, formaður, og Arnar Ásmundsson.
 - b. Gerðu þau grein fyrir möguleikum á framtíðarhúsnæði við Grensáskirkju og véku þau af fundinum í kjölfarið. Héldu umræður um efnið áfram af hálfu nefndarinnar.
 - c. Ákveðið var að boða aðila úr starfhóp um framtíðarhúsnæði þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar sem skipaður var á Kirkjupingi á fund nefndarinnar.
2. Breiðabólsstaður í Fljótshlíð
 - a. BG gerði grein fyrir kostnaðaráætlun vegna framkvæmda við að lagfæra íbúðarhúsið á Breiðabólsstað.
3. Breyting á framkvæmdanefnd
 - a. Gengið var frá tilkynningu til fyrirtækjaskrár um nýja framkvæmdanefnd.
4. Önnur mál
 - a. AG óskaði eftir að fulltrúi unga fólksins yrði boðaður á fund nefndarinnar. Ákveðið að boða fulltrúann til fundar.
 - b. AG óskaði eftir upplýsingum um kostnað við tiltekna framkvæmdir í Skálholti. BG mun veita upplýsingarnar.

Næsti fundur ákveðinn 16. janúar 2024 kl. 9:00.

Fundargerð var lesin upp og samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 11:03.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar.